

Fjármálaeftirlitið
b.t. Unnar Gunnarsdóttur
Höfðatúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. september 2013

Efni: Fyrirspurn um eignarhald/starfsemi fjármálafyrirtækja í óskyldum rekstri

Í 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki eru heimildir tiltekinna tegunda fjármálafyrirtækja til að stunda aðra starfsemi en starfsleyfi þeirra nær til bundnar við það að starfsemin sé tímabundin og lúti aðeins að því að ljúka viðskiptum eða endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Í sömu lögum er lögfest heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að meta hvort skilyrði um heimildir fjármálafyrirtækis til að stunda aðra starfsemi en þá sem starfsleyfi nær til séu fyrir hendi. Auk þess skal eftirlitið hafa heimild til að setja tímafrest eða önnur skilyrði til að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu. Þá er það skilyrði 1. mgr. 22. gr. laganna að endurskipulagningu sé lokið innan 12 mánaða frá því að starfsemin hófst.

Umrædd heimild 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki er undantekning frá þeirri meginreglu laganna að fjármálafyrirtæki skuli ekki stunda óskyldan rekstur. Ber því að túlka hana þröngt. Á það jafnt við um heimild til að nýta undanþáguna sem og skýringu á hugtakinu *endurskipulagning*.

Fjármálaeftirlitinu hefur verið veitt heimild í 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki til að framlengja framangreindan tímafrest, eftir að rökstudd beiðni berst frá viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Af framangreindu tilefni óskar Félag atvinnurekenda eftir því að FME svari eftirfarandi spurningum félagsins:

- Hversu margar umsóknir hafa verið lagðar inn á grundvelli 1. mgr. 22. laga nr. 161/2002 frá ársbyrjun 2009, skipt eftir árum?
 - Hversu margar af þeim umsóknum hafa verið samþykktar af FME?
 - Hversu mörgum af þeim umsóknum hefur verið hafnað af FME?
 - Hversu margar af þeim umsóknum eru óafgreiddar af FME?
- Í hversu mörgum tilvikum hafa verið veittir viðbótarfrestir á eignarhaldi þannig að það vari í lengri tíma en 12 mánuði?
- Hvaða sjónarmið ráða samþykkt FME á umsóknum um viðbótarfresti? Leitar FME t.d. umsagnar Samkeppniseftirlits um áhrif fresta á samkeppni?

- Hefur FME fylgst með eignarhaldi slitastjórna fjármálafyrirtækja á fyrirtækjum? Ef svo er, hvert er umfang þess eignarhalds og hafa slitastjórnunum verið veittir sambærilegir frestir og finna má í 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki?

Ofangreindar upplýsingar eiga erindi í almenna umræðu, enda mikilvægt að umsvif fjármálafyrirtækja á öðrum samkeppnismörkuðum séu hafin yfir allan vafa.

F.h. Félags atvinnurekenda,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri